

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjórðarbúsins á öðrum ársfjórðungi 2009

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á öðrum ársfjórðungi 2009 og um stöðu þjórðarbúsins í lok fjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður var óhagstæður um 46 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi sem er svipað og á fjórðungum á undan. Rúmlega 18 ma.kr. afgangur var á vöruskiptum við útlönd og 7,2 ma.kr. afgangur á þjónustuviðskiptum. Liðurinn jöfnuður þáttatekna var neikvæður um 69,4 ma.kr.

Halla á þáttatekjum á öðrum ársfjórðungi má að langmestu leyti rekja til gömlu bankanna, en um er að ræða reiknaða áfallna vexti sem mynda ekki raunverulegt greiðsluflæði frá landinu. Reiknuð gjöld gömlu bankanna námu 63,5 ma.kr. og tekjur 27,8 ma.kr. og eru því neikvæð áhrif á þáttatekjujöfnuð vegna þeirra um 35,7 ma.kr. Þáttatekjujöfnuður án áhrifa gömlu bankanna var því neikvæður um 35,9 ma.kr. og viðskiptajöfnuður neikvæður um 10,3 ma.kr.

Erlendar eignir námu 8.389 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 14.343 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 5.954 ma.kr. og jókst um 571 ma.kr. frá síðasta fjórðungi. Helsta skýringin á þessari þróun milli ársfjórðunga er aukning skammtímaskulda vegna greiðslna í vanskilum. Greiðslur í vanskilum koma til hækkunar á skammtímaskuldum þar sem þær eru raunverulega fjármagnaðar af skuldareigendum og mælast sem innstreymi fjár í fjármagnsjöfnuði.

Vert er að geta þess að inni í tölum um erlendar skuldir eru ennþá eignir og skuldir viðskiptabankanna þriggja sem nú eru í greiðslustöðvun. Áætlaðar eignir þeirra námu 5.673 ma.kr. og skuldir 11.020 ma.kr. og neikvæð eignastaða þeirra nam því 5.347 ma.kr. í lok fjórðungsins. Erlend staða þjórðarbúsins án áhrifa þeirra er því neikvæð sem nemur 606 ma.kr.

Komið hefur í ljós að skýrslur um beina erlenda fjárfestingu hafa ekki skilað sér sem skyldi í tilfalli mjög stórra og flókinna viðskipta einkaaðila sem áttu sér stað á síðari hluta ársins 2007. Áhrif þessara

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

viðskipta koma aðallega fram undir skuldaliðum, bæði sem lán frá tengdum félögum og sem lán frá erlendum fjárfestum, þar sem þau fólu í sér miklar lántökur innlenda félagsins. Áhrif þessara viðskipta á erlenda skuldastöðu þjóðarbúsins eru um 1.000 ma.kr. í lok annars ársfjórðungs 2009. Tölur aftur til fjórða ársfjórðungs 2007 hafa einnig verið leiðréttar samkvæmt nýjustu upplýsingum um þessi viðskipti. Mikilvægt er að hafa í huga að um er að ræða lánaskuld við erlenda fjárfesta (móðurfélag) og tengda aðila sem allir eru í einkaeigu undir sömu fyrirtækjasamsteypu.

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma

	<u>2008 /2</u>	<u>2008 /3</u>	<u>2008 /4</u>	<u>2009 /1</u>	<u>2009 /2</u>
Viðskiptajöfnuður	-129,3	-105,4	-303,3	-46,2	-46,0
Útflutningur vöru og þjónustu	174,1	175,4	191,7	151,8	181,5
Innflutningur vöru og þjónustu	-183,6	-194,0	-160,9	-139,0	-155,9
Þáttatekjur og framlög, nettó	-119,9	-86,8	-334,0	-59,1	-71,6
Fjármagnsjöfnuður	163,2	121,3	638,7	52,1	55,8
Fjármagnshreyfingar án forða	141,0	235,9	641,1	6,0	56,1
Erlendar eignir, nettó	-334,4	232,0	666,0	-8,7	145,8
Erlendar skuldir, nettó	475,4	3,9	-24,9	14,7	-89,6
Gjaldeyrisforði (- aukning)	22,6	-114,9	-1,9	46,5	0,0
Skekkjur og vantalið nettó	-33,9	-15,9	-335,5	-5,9	-9,9

Tafla 2. Erlend staða þjóðarbúsins í lok ársfjórðungs á verðlagi hvers tíma

	<u>2008 /2</u>	<u>2008 /3</u>	<u>2008 /4</u>	<u>2009 /1</u>	<u>2009 /2</u>
Erlendar eignir, alls	8.221	9.719	8.632	8.209	8.389
Bein fjárfesting erlendis	1.687	2.242	1.063	968	945
Erlend markaðsverðbréf	2.089	2.219	2.329	2.069	2.239
Aðrar fjáreignir en forði	4.243	4.882	4.733	4.715	4.740
Gjaldeyrisforði	203	375	431	384	384
Erlendar skuldir, alls	11.094	12.781	14.087	13.592	14.343
Bein fjárfesting á Íslandi	1.519	1.438	1.082	998	1.091
Innlend markaðsverðbréf	4.839	5.432	6.027	5.614	5.675
Aðrar erlendar skuldir	4.736	5.911	6.901	6.908	7.496
Hrein staða við útlönd	-2.873	-3.062	-5.455	-5.383	-5.954

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson á upplýsinga-sviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.